



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík 24. janúar 2019

Tillaga um skipan í innkaupanevnd Listasafns Reykjavíkur

Í samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er kveðið á um að sérstök innkaupanevnd annist kaup listaverka til safnsins í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Innkaupanevnd skal skipuð þremur einstaklingum sem hafa yfirgripsmikla þekkingu á myndlist: Safnstjóra og tveimur einstaklingum sem skipaðir eru af fagráðinu til tveggja ára í senn að fenginni tillögu safnstjóra og umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs. Annan þessara tveggja einstaklinga skal stjórn Sambands íslenskra myndlistarlistarmanna (SÍM) tilnefna.

Lagt er til að listfræðingurinn og myndlistarkonan Anna Jóhannsdóttir verði skipuð í innkaupanevnd Listasafns Reykjavíkur til næstu tveggja ára.

Unnar Örn Auðarson Jónsson var tilnefndur af SÍM í innkaupanevnd í upphafi árs 2018 og situr í nefndinni til upphafs árs 2020.

Virðingarfyllt,

Arna Schram
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs